

um, eða hvort ákvörðunin í 38. grein í tilskipun 10. júlímán. 1795 sé enn þá í gildi sem almenna reglan um þetta.

1869.
28. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörðið það, að ákvörðunin í 38. grein í tilskipun 10. júlímán. 1795 smbr. opið bréf 31. desembermán. 1823 er enn sem fyr hin almenna regla, sem gildir um þetta efni í kóngsríkinu.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilmála fyrir því, að útlend skip geti öðlazt danskan þjóðernisrétt.

29. maí.

Í bréfi dagsettu 14. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra amtmáður, skýrt frá, að jaktskipinu „Livana“, eign Mandals fiskiveiðafélags í Noregi, hafi verið veittur þjóðernisréttur á Akureyri sem danskri eign, og skírt „Síldin“, og þareð jaktin reyndist 21 kaupskipalest að rúmmáli, þegar hún var mæld, þá hafi samkvæmt 49. grein í tilskipun 1. maímán. 1838 verið borgaðir 147 rd. í aðkaupsgjald; síðan hafi bæði formaðurinn á jaktinni og starfstjóri tæðs félags, sem er kominn til Akureyrar og hefir leigt sér lóð á Oddeyri, fengið borgararétt í kaupstaðnum. Í bréfi dagsettu 2. desembermán. s. á. hafið þér þar að auki skýrt frá, að búið sé að greiða aðkaupsgjald þetta í jarðabókarsjóðinn á Íslandi.

Útaf þessu hefir dómsmálastjórnin skrifazt á við aðalskattastjórnina, og hefir hún skýrt frá, að þareð þau skip að eins verði álitin dönsk, og geti fyrir þá sök orðið aðnjótandi verndar dönsku stjórnarinnar, sem sannað er, að sé eingöngu eign dönsku stjórnarinnar eður danskra þegna, án þess að löggjöfin veiti heimild til að gjöra í því efni mun á einstökum mönnum og félögum né á ýmsum tegundum af félögum, þá hefði ekki átt að veita tæðri jakt þjóðernisrétt sem danskri eign, þar sem fiskiveiðafélag Mandals á hana eptir því, sem frá er skýrt, og

1869.

29. maí.

geti það því ekki komið til greina, að starfstjóri félagsins hefir fengið borgararétt á Íslandi.

Samkvæmt þessu verður dómsmálastjórnin að biðja yður, herra amtmaður, að láta ónýta þessa veiting þjóðernisréttar, á þann hátt, að markið „dönsk eign” sé numið burt, og þjóðernissskýrteininu sé skilað aptur, og að láta síðan borga hlutad-eiganda aptur aðkaupsgjald það, sem hann hefir greidd. Því skal við bætt, að landfógetinn hefir fengið hëðan í dag skipun um að borga upphæð þá, sem um er að ræða, úr jarðabókarsjóðnum, þegar þér beiðist þess.

29. maí.

**49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun skuldar, er prests-
ekkja á hjá kirkju.**

Með bréfi dagsettu 5. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem ekkja síra Hinriks sáluga Hinrikssonar, prests að Skorrastað í Suðurmúlasýslu, Margrét Magnúsdóttir, sækir um að fá borgaða skuld þá, 453 rd. 74 sk. að upphæð, sem maður hennar sálugi átti hjá Skorrastaða kirkju fyrir það hann hafði byggt hana upp, og hafið þér lagt fram með, að það megi borga 200 rd. af skuld þessari, þannig að greiddir verði 15 rd. 37 sk. á ári af tekjum Skorrastaðar kirkju frá næstu fardögum 1869, hvort sem ekkjan verður á lífi eða andast meðan verið er að borga þessa 200 rd.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörið það, að stjórnarráðið hefir eptir málavöxtum ekki neitt á móti uppástungum yðar í þessu efni.